

53. stjórnarfundur Bergrisans bs.

17.03.2023

Staðsetning: Ráðhús Árborgar, Selfossi

Fundur hófst klukkan 10:25

Mætt: Fjóla St. Kristinsdóttir, Ása Valdís Árnadóttir, Anton Kári Halldórsson, Ingibjörg Garðarsdóttir, Íris Ellertsdóttir, Svava Davíðsdóttir. Gestur undir fundarlið 1 er Steinunn Erla Kolbeinsdóttir, lögmaður.

Íris Ellertsdóttir ritaði fundargerð.

1. Samningur við Skaftholt

Samningsdrög við Skaftholt ses eru tekin til umfjöllunar. Stjórn Bergrisans samþykkir drögin og felur verkefnastjóra Bergrisans bs. að skrifa undir samninginn. Steinunn Erla Kolbeinsdóttir, lögmaður, er gestur undir lið 1.

2. Fundargerðir þjónusturáðs nr. 166

Vegna liðar þrjú þá synjar stjórn Bergrisans beiðni HB um aukningu á tímum vegna aðstoðarverkstjórnar. Felur stjórn félagsþjónustu Árborgar að svara erindinu.

Fundargerð samþykkt

3. Lánabeiðni Arnardrangs hses

Fyrir liggur lánabeiðni frá Arnardrangi hses vegna framkvæmda á byggingu íbúðakjarna við Nauthaga 2. Lánabeiðni er vegna framvindu 5 og 6 að upphæð kr. 19.285.109. Að auki er óskað eftir láni að upphæð kr. 749.179 vegna reikninga frá VSB verkfræðistofu sem hefur umsjón með verkefninu.

Stjórn Bergrisans samþykkir lánveitingu að upphæð 20.034.288 kr.

Fundi slitið kl. 11.40

